


Verkefni um þróun byggðar á Raufarhöfn - fréttakorn



Þann 29. maí sl. kom stjórn verkefnisins saman á Raufarhöfn til að fara yfir stöðuna. Mætt voru þau Aðalsteinn Þorsteinsson og Sigríður Þorgrímsdóttir frá Byggðastofnun, Bergur Elías Ágústsson frá Norðurþingi, Sigríður Valdimarsdóttir frá Raufarhöfn og Þóroddur Bjarnason frá Háskólanum á Akureyri. Reinhard Reynisson frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga var fjarverandi sökum annarra skuldbindinga. Auk þess sat starfsmaður verkefnisins, Kristján Þ. Halldórsson, fundinn.

Á fundinum var farið yfir þau mál sem hafa verið til umfjöllunar það sem af er verkefnistímanum og í framhaldi af því var ákveðið að senda íbúum Raufarhafnar yfirlit yfir stöðu mála. Tekið skal fram að verkefnisstjórnin eða starfsmaður hafa komið að málum í sumum tilvikum, en í öðrum tilvikum er um að ræða framtak annarra aðila eingöngu og vafalaust mætti telja fleira en hér kemur fram. *Mynd: Sólarupprás/JFG*

Fiskveiðiheimildir (átakskvóti)

Sem kunnugt er hafa verið bundnar talsverðar vonir við að Byggðastofnun fengi umboð til að mæla með úthlutun kvóta til byggðarlaga sem byggja á sjávarútvegi og hafa mátt þola mikla fólksfækkun á síðustu árum. Síðasta þing náði ekki að afgreiða þessi mál fyrir þinglok og því er framhaldið undir Alþingi og nýrri ríkisstjórn komið. Byggðastofnun mun vinna að málinu áfram og hefur þegar komið óskum um slíkar veiðiheimildir á framfæri við ráðuneytið.

Atvinnumál

Atvinnumál eru í brennidepli og ekki fer á milli mála að sjávarútvegur er meginstoðin í atvinnulífi á Raufarhöfn. Mikilvægt er að allir hagsmunaaðilar leggist á eitt um að gera það mesta úr því sem byggðarlagið hefur úr að spila í greininni. Viðfangsefnið er einnig að leita leiða til að auka fjölbreytni og stöðugleika í atvinnulífi staðarins og vert er að horfa meðal annars til nýsköpunar í því samhengi. Starfsmenn Matís höfðu frumkvæði að því að heimsækja Raufarhöfn og varð úr að nokkrir aðilar í sjávarútvegi sameinuðust um að taka þátt í kostnaði þeirra við heimsóknina. Eiga þeir þakkir skildar fyrir aðstoðina. Gestirnir hittu marga fulltrúa samfélagsins á Raufarhöfn, meðal annars í veiðum, vinnslu, ferðaþjónustu, á verkstæði og áhaldahúsi. Matís menn gerðu grein fyrir starfsemi stofnunarinnar og möguleikum á samstarfi og heimamenn fræddu gestina um það helsta í atvinnulífi staðarins og það sem er á döfinni. Heimsóknin var gott framtak og strax voru komnar fram hugmyndir að þróunarverkefnum í samstarfi aðila.



Þekkingarnet Þingeyinga hefur fengið styrk frá AVS til að stuðla að nýsköpun á Raufarhöfn og meðal annars er horft til nýtingar staðbundinna tækifæra, þ.m.t. nýtingar sjávarfangs og mun verða unnið að málinu er líður á árið. Enn fremur hefur stofnunin fengið styrk til að stuðla að auknu framboði náms í tengslum við sjávarútveg. Það mál er í athugun.

Undanfarnar vikur hefur verið til athugunar hvort grundvöllur sé fyrir kaupum á verksmiðju sem heflar trjávið í spæni sem heppilegur er í undirburð fyrir húsdýr, bæði fugla og ferfætlinga. Hugmyndin byggir á að nýta rekavið sem hráefni að verulegu leyti og nálægð við þetta hráefni gefur Raufarhöfn nokkra sérstöðu. Ekki er komin niðurstaða í það hvort starfræksla slíkrar verksmiðju er raunhæf og hagkvæm en ljóst er að fjarlægð frá markaði og hár flutningskostnaður vinnur mjög gegn staðsetningu hennar á þessu landshorni.

Ferðapjónusta

Sumarið er komið með blíðskapar veður dag eftir dag, loksins þegar hlýnaði. Aðilar sem starfa í ferðapjónustu á ársgrundvelli halda sínu striki og þeir sem lögðust í vetrardvala eru komnir á ról á ný. Enn fremur eru nýir aðilar að hasla sér völl í ferðapjónustu á staðnum og er það vel. Er unnið hörðum höndum að lagfæringum á húsnaði í þessu sambandi.

Þann 14. maí var haldinn vinnufundur um Heimskautsgerðið og undirbúning Raufarhafnar sem áfangastaðar ferðamanna. Að fundinum stóð „Raufarhafnarhópin“ og var fundurinn liður í samstarfsverkefninu „Rural Arctic Experience“ (lausl. þýtt: *Upplifun í dreifbýli á norðurslóðum/kph*).

Fundurinn var vel sóttur og meðal annars komu gestir frá Rovaniemi í Finnlandi til að miðla af reynslu sinni við uppbyggingu ferðapjónustu frá grunni. Fyrir skömmu fékk Raufarhafnarhópurinn styrk úr Vaxtarsamningi Norðausturlands til frekara undirbúningsstarfs.



Það sem að einkum snýr að verkefnisstjórn í þessum málaflökki er að Norðurþing, í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, sótti um myndarlegan styrk til að vinna að framkvæmdum sem miða að því að gera Raufarhöfn að nýjum áfangastað ferðamanna. Megin þunginn verður á uppbyggingu Heimskautsgerðisins en einnig er styrkumsóknin tengd lagfæringum á SR-lóð og hönnun á framtíðarskipulagi svæðisins umhverfis Hótel Norðurljós. Sjóðurinn úthlutaði 25 milljónum króna til verkefnisins og er verið að skipuleggja framkvæmdir í samstarfi við félag um Heimskautsgerðið þegar þetta er ritað. Stefnt er að því að úthlutaðir fjármunir nýtist allir

á árinu og að sýnilegur árangur verði sem mestur. Einnig er unnið að því að fá fjárfesta til að koma að frekari uppbyggingu Hótel Norðurljósa með það fyrir augum að bæta aðstöðuna og koma hótelinu enn frekar á kortið.

Að frumkvæði Náttúrustofu Norðausturlands og Guðmundar Arnar Benediktssonar er til athugunar að stofna rannsóknarstöð fyrir náttúruannsóknir á Raufarhöfn, ekki síst rannsóknir á fuglum. Styrkur til undirbúnings verkefninu hefur fengist úr Vaxtarsamningi Norðausturlands og Byggðastofnun hefur lýst yfir velvilja varðandi fjárhagslegan stuðning við verkefnið. Stefnt er að því að hefja starfsemi að ári og þá kæmu erlendir vísindamenn til lengri eða skemmri dvalar við rannsóknir. Þetta yrði lyftistöng fyrir ferðapjónustuaðila, enda hafa þeir tekið verkefninu vel og eru aðilar að því. Einnig er vonast til að ef verkefnið verður að veruleika muni það auka áhuga annarra ferðamanna á Melrakkaslétu og Raufarhöfn þegar frá líður.

Norðurhjar, það er klasi ferðapjónustuaðila á svæðinu frá Kelduhverfi í vestri að Bakkafirði í austri, hefur fengið styrki úr Vaxtarsamningi Norðausturlands og frá fleiri aðilum til góðra verka er tengjast ferðamálum á svæðinu. Má þar nefna styrki til að byggja upp starf klasans og marka stefnu í ferðamálum svæðisins. Einnig hafa fengist styrkir til að velja og hanna allt að tólf áfangastaði á svæðinu þannig að ferðamenn geti fræðst um svæðið, samfélag og náttúru þess og þar með verður það meira aðlaðandi fyrir gesti.



SR lóðin tengist sem fyrr segir umsókninni til Framkvæmdasjóðs. Skipaður var starfshópur sem í áttu sæti fulltrúar íbúa og Norðurþings, auk starfsmanns Byggðastofnunar. Þessum hópi var falið að taka saman yfirlit yfir ástand eigna á SR-lóðinni og gera tillögur um meðferð eignanna, meðal annars með tilliti til samnings Norðurþings við Síldvarvinnsluna í Neskaupstað og ríkið um eignirnar. Hópurinn skilaði tillögum sínum til Norðurþings á vordögum en það er sveitarfélagsins að taka endanlega ákvörðun um framtíð húsanna og ráðstöfun fjármuna þar að lútandi.



Fjarskiptamál verða æ mikilvægari í nútímasamfélagi og á íbúafundum í vetur kom fram að lögð er áhersla á góða þjónustu í fjarskiptamálum. Starfsmenn Byggðastofnunar hafa verið í samskiptum við Póst- og fjarskiptastofnun vegna málsins og mun Byggðastofnun fylgja því eftir við stjórnvöld.



Húsnæðismál voru rædd á íbúafundum. Stefnt er að því að taka saman upplýsingar um hús sem eru ekki í notkun, reyna að komast í samband við eigendur þeirra og kanna hver framtíðarsýn þeirra er varðandi húsin. Háskólinn á Akureyri hefur áhuga á að koma að þessu máli og leggja okkur lið og í ljósi þess hefur verið sótt um styrki til handa námsmanni með það fyrir augum að koma að verkefninu. Þegar þetta er ritað er ekki komin niðurstaða varðandi aðkomu Háskólans en hver sem niðurstaðan verður mun starfsmaður Byggðastofnunar fara yfir húsnæðismálin á næstu mánuðum.



Gerjun og áhugi.

Ýmislegt jákvætt er að gerast á Raufarhöfn og nágrenni, án þess að verkefnisstjórn hafi komið að málum nema að mjög takmörkuðu leyti og ber það vott um framtakssemi íbúanna. Eldri borgarar stofnuðu með sér samtök á útmánuðum og hafa samtökin starfað að ýmsum góðum málum það sem af er. Í stjórn samtakanna sitja Helgi Ólafsson, Stella Þorláksdóttir, Jóhann H. Þórarinnsson, Sigríður Valdimarsdóttir og María Halldórsdóttir.

Íbúasamtök Raufarhafnar hafa enn fremur verið stofnuð. Í stjórn samtakanna eru þau Birna Björnsdóttir, Jóhann H. Þórarinnsson og Þóra Soffía Gylfadóttir. Samtökin eru þegar byrjuð að beita sér í hagsmunamálum byggðarlagsins, þar með talið við undirbúning Heimasíðu fyrir Raufarhöfn í samstarfi við Jónas Friðrik og Maríu Sveinsdóttur. Spennandi verður að fylgjast með síðunni þegar þar að kemur og kátt var á hjalla á undirbúningsfundinum.

Undirritaður vill að lokum hvetja íbúa Raufarhafnar til að taka virkan þátt í yfirstandandi verkefni um byggðapróun á Raufarhöfn, þar með talið ofangreindum félögum og virkja samtakamáttinn til góðra verka.

Í júní 2013
f.h. verkefnisstjórnar,

Kristján P. Halldórsson